



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER  
HÖFÐATORGI

05. JÚLÍ 2019

Málsnr.: USK 2013-02-0044

Bréfalykill: 3.2

Reykjavík, 4. júlí 2019

R11060102

6610

bj

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð***

Á fundi borgarráð þann 4. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, 28. júní 2019, sbr. samþykkt ráðsins frá 3. júlí 2019, á auglýsingu á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þessi verkefni bera þess merki að farið var að stað í miklum flýti á kosningaári. Þau eru enn í flýtimeðferð samkvæmt fundarboði. Hinn 8. ágúst 2018 auglýsti Reykjavíkurborg eftir samstarfsaðilum, þar sem fullyrt er að íbúðafjöldi á Veðurstofureit verði u.þ.b. 50. Í tilkynningu til Kauphallarinnar hinn 14. febrúar á síðasta ári tilkynna Heimavellir hf. að félagið sé í „viðræðum við Reykjavíkurborg um 100 smábúðir á Veðurstofuhæðinni.“ Nú ber svo við að borgarráði er ætlað að samþykkja nýtt skipulag, þar sem leyfa á allt að 250 íbúðir. Hér vakna margar spurningar, s.s. varðandi jafnræði aðila á markaði þegar verið er að úthluta gæðum borgarinnar. Tímalína: Auglýst var eftir áhugasömum aðilum og var skilafrestur 8. ágúst 2018: [sjá hér](#)

Fjöldi íbúða: „Íbúðafjöldi: u.þ.b. 50“ Í febrúar 2019 var eftirfarandi tilkynnt í Kauphöll: „Félagið er í viðræðum við Reykjavíkurborg um lóðarvilyrði vegna 100 smábúða á Veðurstofuhæðinni.“ [sjá hér](#)

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er forkastanlegt og í anda lélegrar stjórnsýslu að taka mál með flýtimeðferð í gegnum borgarráð þegar borgarstjórn er í sumarleyfi. Hér er um að ræða breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030. Þetta mál er mjög umdeilt hjá íbúum í kringum Sjómannaskólareit eins og segir í umsögn þeirra: „Íbúafélagið Vinir Saltfiskmóans skorar á borgaryfirvöld að falla frá fyrirhuguðum byggingaráformum á Sjómannaskólareit.“ Þessi áform eru keyrð í gegnum borgarráð til samþykktar en borgin er á engan hátt undirbúin innviðalega séð undir þessa uppbyggingu eins og t.d. hvað varðar skóla, bílastæði, veitukerfi og fl. Um gríðarlegt byggingamagn er að ræða og íbúar hafa miklar áhyggjur af skuggavarp. Meirihlutinn kys ófrið þegar friður er í boði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í þessu málefni Sjómannaskólareitsins hafa komið óvenju mikið af alvarlegum athugasemdum frá fólki á öllum aldri og þar með börnum sem er annt um umhverfi sitt. Þetta svæði er afar mikilvægt í borgarlandinu enda einstakt. Flokkur fólksins vill hvetja meirihlutann til að staldra við og ana ekki að neinu sem ekki verður aftur tekið. Hér er auðvelt að gera alvarleg mistök svo stórslys verði. Meirihlutinn í borgarstjórn verður að fara rækilega ofan í saumana á umsögnum og athugasemdum og kynna sér vandlega þau málefni er varða sjálfsþrottnu grænu svæðin á Sjómannaskólareitnum í Reykjavík. Þegar slíkur mótbyr er, er varla þess virði að keyra áfram af offorsi og öfgum. Flokkur fólksins vill vekja athygli á óskum nemenda í Háteigsskóla og draga fram þeirra framtíðarsýn á svæðinu. Flokkur fólksins vill taka undir með Vinum Saltfiskmóans að gengið er um of á gróðurþekju Háteigshverfis sem er nú þegar of lítil samkvæmt úttekt borgarinnar sjálfrar. Gríðarlegt byggingarmagn með tilheyrandi skuggavarpum mun ekki aðeins rýra verðgildi þeirra eigna sem fyrir eru heldur einnig rýra gildi stakkstæðisins í Saltfiskmóanum og Vatnshólsins sem útivistarsvæðis. Ástæða er til að hafa áhyggjur af umferðaröryggi. Vandí Háteigsskóla vegna þéttingar í Háteigshverfi er enn óleystur. Fyrirliggjandi byggingaráform fela í sér skipulagsslys sem varað er eindregið við.



Helga Björk Laxdal

e.u.